

EFTIRLITSSKÝRSLA

Skinney Þinganes Hornafjörður



Dags eftirlits	25.9.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Skinney Þinganes	Eftirlitsmaður	Leifur Þorkelsson
Heimili	Miðósi 17, Hornafirði	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	4801692989	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Erlingur Brynjólfsson	ÍSAT nr.	15.20.7
Fulltrúi fyrirtækis	Hallveig Karlsdóttir	Staðsetning	684193,364 421481,264

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitsferðinni komu fram tvö frávik frá kröfum starfsleyfis og ein athugasemd var gerð.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Heilbrigðiseftirliti Austurlands samkvæmt samningi þar um. Eftirlitsmaður var Leifur Þorkelsson.

Eftirlitsheimsóknin hófst á fundi með fulltrúum fyrirtækisins, Erlingi Brynjólfssyni verksmiðjustjóra og Hallveigu Karlsdóttur gæðastjóra. Á fundinum var farið yfir síðustu eftirlitsskýrslu, rætt um starfsemina á árinu og starfsleyfi fyrirtækisins yfirfarið. Að lokum var farið í skoðun um verksmiðjuna og athafnasvæði hennar.

Eitt frávik komu fram í eftirlitsskýrslu sem unnin var í kjölfar síðustu eftirlitsheimsóknar þann 28. október 2016 þar sem notkun flotgirðingar hafði ekki verið æfð. Úrbótaáætlun rekstraraðila sem send var þann 10. desember 2016 og var samþykkt af Umhverfisstofnun gerði ráð fyrir því að æfing flotgirðingar yrði haldin þann 10. maí 2017. Í tölvupósti frá rekstraraðila þann 8. ágúst sl. var upplýst að ekki hafi orðið af æfingunni og óskað eftir fresti þar til úttekt á mengunarvarnarábúnaði hafna landsins hefði farið fram. Umhverfisstofnun hafði ekki tekið afstöðu til umsóknarinnar þegar eftirlit í verksmiðjuna fór fram. Fram kom að frá því að starfsleyfi vegna starfseminnar var gefið út árið 2010 hefur lekavarnapró umhverfis lýsisgeyma verið endurbætt og er útreiknað rúmtak hennar nú u.þ.b. 70% rýmd stærsta lýsisgeymis. Jafnframt kom fram að lítið lýsi er í geymunum um þessar mundir og var stærsti geymirinn tómur þegar verksmiðjan var heimsótt.

Engar kvartanir hafa borist vegna starfseminnar og engin mengunaróhöpp hafa verið skráð frá því að verksmiðjan var síðast heimsótt. Verksmiðjan hafði tekið á móti rúmlega 12.000 tonnum af hráefni á árinu þegar hún var heimsótt. Nánast allt hráefni sem berst til vinnslunnar kemur frá frystihúsi Skinneyjar Þinganes á Höfn og er því dælt á milli frystihúss og fiskimjölsverksmiðju. Ekki hefur komið til þess að vinnsla í verksmiðjunni hafi legið niðri í meira en mánuð á árinu.

Grænu bókhaldi vegna ársins 2016 hefur skilað, ásamt yfirlýsingu þess efnis að magn mengandi efna frá verksmiðjunni sé ekki yfir þeim kröfum sem tilgreind eru í viðauka II við reglugerð (EB) 166/2006 og því þurfi ekki að standa skil á útstreymisbókhaldi vegna starfseminnar.

Farið var yfir starfsleyfi verksmiðjunnar sem var gefið út í júní 2010 og samkvæmt því er verksmiðjunni heimilt að vinna úr 900 tonnum af hráefni á sólarhring. Farið var yfir eftirlitsmælingar sem gerð er krafa um í grein 3.2. TVN er mælt og skráð reglulega og eru skráningar aðgengilegar eftirlitsaðila í samræmi við kröfu í grein 3.2 í starfsleyfi. Sýni af fráveituvatni eru tekin reglulega. Síðasta sýni var tekið á loðnuvertíð í vor. Fita í sýninu var undir starfsleyfismörkum en ekki var búið að reikna út losun á COD og svifefnum. Bent var á að undanfarin ár hefur fráveitusýni alltaf verið tekið á loðnuvertíð að vori og að nauðsynlegt sé að taka sýni á öðrum árstíma og af öðru hráefni.

Fram kom að starfsleyfi verksmiðjunnar er orðið 7 ára gamalt, nokkuð eldra en starfsleyfi annarra fiskimjölsverksmiðja. Í starfsleyfinu er ekki gerð krafa um að ryk í útblæstri oljubrennara sé mælt og þá er heldur ekki gerð krafa um að niðurstöður TVN mælinga séu sendar til eftirlitsaðila. Hvorttveggja er krafist í nýrri starfsleyfum fyrir sambærilega starfsemi.

Fram kom að framkvæmdir eru hafnar við að setja upp tækjabúnað til vinna meltu úr hráefni sem berst til verksmiðjunnar á milli vertíða. Er þetta gert í þeim tilgangi að auka geymsluþol hráfnisins þannig að unnt verði að nýta hráefni til vinnslunnar sem annars hefði þurft að urða.

Að fundi loknum var farið í skoðunarferð um verksmiðjuna, hráefnismóttaka fyrir bein hefur verið endurnýjuð og lagfærð og verið var að endurnýja þök á lýsisgeymum. Snyrtilegt var um að litast bæði innan dyra og utan og ekki

ásæða til athugasemda.

Frávik frá

ákvæði í grein 2.24 í starfsleyfi um æfingar með flotgirðingu til varnar bráðamengun.

Lýsing á fráviki

Krafa er um að notkun flotgirðingar skuli æfð á a.m.k. fimm ára fresti og að fyrsta æfing fari fram fyrir árslok 2010. Æfingar hafa ekki enn hafist.

ákvæði í grein 5.2 í starfsleyfi um heildarúttekt á losun mengandi efna skuli berast Umhverfisstofnun fyrir 1. maí 2013.

Sýnataka og mælingar á fitu, COD og svifefnum í sýnum úr fráveitu þurfa að fara fram á öllum vertíðum verksmiðjunnar, þar með talið við vinnslu á afskurði. Að öðrum kosti fæst ekki marktæk heildarúttekt á losun mengandi efna í fráveitu.

ATHUGASEMDIR

Heildarúttekt á losun mengandi efna sbr. 5.2

Undanfarin ár hafa fráveitusýni sem tekin í samræmi við grein 3.2. alltaf verið tekin á loðnuvertíð að vorlagi. Til þess að hægt sé að framkvæma heildarúttekt á magni mengandi efna í frárennsli skv. grein 5.2. þarf að taka sýni á öðrum árstíma og þegar unnið er úr öðru hráefni.

ANNÆÐ

Senda þarf Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar framkvæmdir við meltugerð.

Meltugerð rekstraraðila samræmist umfangi sem kveðið er á um í starfsleyfi og stuðlar að bættri nýtingu hráefnis og hugsanlega minni mengun.

17.11.2017

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.



Gottskálk Friðgeirsson